

EFTIRLITSSKÝRSLA

3Z ehf. Menntavegur 1, 102 Reykjavík



Dags eftirlits	30.10.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	María Svavarsdóttir
Fyrirtæki	3Z ehf.	Eftirlitsmaður	María Svavarsdóttir
Heimili	Menntavegur 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6208080400	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Karl Ægir Karlsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með leyfi 3Z til afmarkaðrar starfsemi með erfðabreyttum sebrafiskum (Danio rerio) í rannsóknaraðstöðu við Menntaveg 1, 102 Reykjavík.

UMFANG EFTIRLITS

- Almenn ákvæði - kafli 1. í leyfi
- Varnir gegn mengun ytra umhverfis - kafli 2 í leyfi
- Innra eftirlit rekstraraðila – kafli 3 í leyfi
- Eftirlit og starfshættir kafli 4 í leyfi
- Skoðunarferð

Fulltrúi rekstraraðila Karl Ægir Karlsson tók á móti eftirlitsaðila. Útskýrði og sýndi aðstöðuna, sýndi dagbækur og viðbragðsáætlanir. Farið var yfir leyfið þ.m.t. umfang, skráningu og meðhöndlun úrgangs, afmörkunarráðstafanir og vinnudagbækur og var verklag í samræmi við ákvæði leyfisins. Fyrirtækið er með samning við Efnaeyðingu um förgun efna og brennslu á fiskum en þeir eru frystir við -18°C og svo brenndir. Eru efni og fiskar vigtaðir fyrir eyðingu. Vatn sem rennur frá fiskunum er fyrst síað í gegnum grófa síu, svo fína og þá UV-geislað. Síur sem sía vatn frá fiskunum eru settar í efnaeyðingu. Áhættumat og viðbragðsáætlun eru til staðar og þjálfun starfsfólks en flest þeirra taka FELASA námskeið (courses in laboratory animal science).

ÁBENDINGAR

Ábending: Rekstraraðila er bent á að yfirfara hvaða efni eru geymd saman í efnaskáp og tryggja að ósamhæf efni séu aðskilin, í samræmi við öryggisblöð og viðeigandi reglur um meðhöndlun hættulegra efna. Þetta er nauðsynlegt til að fyrirbyggja hættuleg efnahvörf og tryggja örugga geymslu.

Ábending: Rekstraraðila er bent á að hafa öryggisblöð (SDS) aðgengileg fyrir starfsfólk á vinnusvæðum þar sem hættuleg efni eru notuð eða geymd, í samræmi við reglugerð um efni og efnablöndur nr. 950/2022 og reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (REACH).

Reykjavík, 28.11.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

María Svavarsdóttir